



Reykjavík, 24. janúar 2019

Efni: Þjónustusamningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við Rannsóknir og greiningu ehf.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir heimild innkauparáðs til að ganga til samninga við Rannsóknir og greiningu ehf. án undangenginnar útboðsauglýsingar á grundvelli b. liðar 22. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 8. maí 2014. Velferðarsvið hefur átt í samstarfi við Rannsóknir og greiningu ehf. um nokkurt skeið og hefur félagið byggt upp ítarlegan gagnagrunn á undanförnum árum og eru niðurstöður nýrra kannana á vegum þess ætíð bornar saman við fyrri niðurstöður. Niðurstöður þessara rannsókna hafa verið notaðar við stefnumótunarvinnu í forvörnum og árangursmati. Af hálfu velferðarsviðs er því lögð áhersla á að ganga til áframhaldandi samstarfs við Rannsóknir og greiningu ehf. með það að markmiði að nýta sem best þær rannsóknir og þá vinnu sem lagt hefur verið í. Rannsóknir sem Rannsóknir og greining ehf. mun leggja fyrir árið 2109 eru:

- *Ungt fólk 2019.* Rannsókn á högum og líðan ungs fólks grunnskólanema í 5. til 7. bekk. Rannsóknir og greining ehf. mun vinna skýrslu um hagi og líðan með samanburði við landsmeðaltal og höfuðborgina í heild, greint eftir hverfum og niður á skóla. Helstu þættir sem til skoðunar koma eru íþróttá- og tómstundastarf, andleg og líkamleg líðan, tengsl ungmennanna við skólann, tengsl við foreldra og jafningjahópinn, fjárhagsstaða fjölskyldna, heilsa o.fl. Einnig verða skoðaðir aðrir þættir er nýtast við stefnumótun í velferðarmálum og skóla- og frístundamálum borgarinnar.
- *Krakkarnir í hverfinu.* Rannsóknir og greining ehf. rannsaka ítarlega vímuefnaneyslu og hegðun og líðan í öllum grunnskólum Reykjavíkur (skólaskýrslur) í 8. til 10. bekk og vinna skýrslur sem afhentar verða velferðarsviði.

Hlutverk Rannsókna og greiningar ehf. er:

- Að vinna grunnskýrslur úr þeim rannsóknum sem áætlun Rannsókna og greiningar ehf. tekur yfir í grunnskólum Reykjavíkur hjá nemendum í 5. til 7. bekk, og afhenda velferðarsviði eigi síðar en í maí árið 2019.
- Að meta árangur forvarnarstarfs vegna vímuefnaneyslu ungs fólks í 8. til 10. bekk. Staða og þróun vímuefnaneyslu verður greind eftir skólum og hverfum í Reykjavík með samanburði við landsmeðaltal og höfuðborgina í heild.
- Að kynna niðurstöður skýrslna í hverfum borgarinnar samkvæmt samkomulagi við skrifstofu velferðarsviðs og þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.
- Að veita velferðarsviði ráðgjöf í málefnum er varða eftirfylgni forvarnarstefnu og veita faglega aðstoð eftir megni.
- Að leita styrkja úr alþjóðlegum rannsóknarsjóðum og leiða til þátttöku í evrópsku rannsóknarsamstarfi með aðild Reykjavíkurborgar án þess að frekari útgjöld komi til.
- Að bera faglega ábyrgð á öllum rannsóknum og úrvinnslum félagsins.
- Að skipa fulltrúa í samráðshóp.

Velferðarsvið leggur til árlegan rannsóknarstyrk vegna vinnu Rannsókna og greiningar ehf., allt að kr. 10.000.000 kr. Gildistími samningsins er til eins árs frá 1. janúar 2019. Áætlað er að aðilar komi saman tveimur mánuðum áður en samningurinn rennur úr gildi og fara yfir hvort markmið samningsins hafi náðst.

Í 5. gr. samningsins, á milli velferðarsviðs og Rannsóknar og greiningar ehf., er að finna ákvæði um höfundarétt en þar kemur eftirfarandi fram:

Höfundarréttur að gagnaskrám þeirra rannsókna er samningurinn tekur til tilheyrir Rannsóknum og greiningu ehf., sbr. ákvæði höfundalaga nr. 73/1972. Höfundarréttur að úrvinnslum sem unnar eru fyrir velferðarsvið tilheyrir Rannsóknum og greiningu ehf. og velferðarsviði. Höfundarréttur að sérritum sem rituð kunna að verða fyrir velferðarsvið samkvæmt sérstöku samkomulagi, tilheyra Rannsóknum og greiningu ehf. og velferðarsviði sameiginlega. Skal báðum aðilum í þeim tilvikum heimilt að nota og birta niðurstöður úr umræddum sérritum. Komi til opinberrar umfjöllunar um efni skýrslna eða sérrita sem Rannsóknir og greining ehf. ritar fyrir velferðarsvið skal Rannsókna og greiningu ehf. getið sem höfundar og velferðarsviðs sem aðila verksins.

Úrvinnsla úr nýjum rannsóknum verður tengd eldri niðurstöðum rannsókna sem Rannsóknir og greining ehf. hafa einkarétt á að nota, sbr. ákvæði höfundarlagar nr. 73/1972.


Rannsóknir og greining ehf. mun setja upplýsingar og niðurstöður fram með þeim hætti að þær séu sambærilegar milli ára.

Með vísan til efnis 5. gr. framangreinds samnings, er hér með óskað eftir því að veitt verði undanþága frá opinberri birtingu útboðsauglýsingar, sbr. b. lið 22. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Í b. lið 22. gr. kemur fram að undanþága sé heimil þegar aðeins eitt fyrirtæki kemur til greina af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess að um lögverndaðan einkarétt sé að ræða. Í 5. gr. samningsins sem um ræðir kemur fram að úrvinnsla úr nýjum rannsóknum verði tengd eldri niðurstöðum rannsókna sem Rannsóknir og greining ehf. eiga einkarétt á að nota. Sá einkaréttur nýtur verndar samkvæmt ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972.

Með hliðsjón af framansögðu er farið fram á að velferðarsviði Reykjavíkurborgar verði veitt heimild til að ganga til samninga við Rannsóknir og greiningu ehf. á grundvelli framangreindra upplýsinga, sbr. b. liður 22. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.


Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,


Fanney Magnadóttir,
lögfræðingur

Fylgiskjal:

1. Drög að þjónustusamningi velferðarsviðs og Rannsókna og greiningar ehf. um rannsóknir á högum reykviska barna í 5. til 7. bekk og vímuefnaneyslu í 8. til 10. bekk árið 2019.



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, og Rannsóknir og greining ehf., Menntavegi 1, 101 Reykjavík, kt. 450399-2489, gera með sér svohljóðandi:

þjónustusamning

um rannsóknir á högum og líðan reykvískra barna í 5. til 7. bekk og vímuefnaneyslu í 8. til 10. bekk árið 2019

1. gr.

Markmið

Markmið þessa samnings er að styðja við faglegt starf í nærsamfélagi barna og ungmenna í Reykjavík og fjölskyldna þeirra og nýta rannsóknir til stefnumótunar og aðgerða í málefnum ungs fólks. Rannsóknarniðurstöður eru nýttar til að meta stöðu barna og ungmenna í hverju skólahverfi fyrir sig til að geta beitt markvissu forvarnar- og fræðslustarfí og til að virkja foreldra með til samstarfs um velferð barnanna. Niðurstöður eru jafnframt nýttar í ytra mati og sjálfsmati skóla og frístundamiðstöðva. Þá eru mælingar nýttar til að meta árangur á innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030.

2. gr.

Rannsóknir árið 2019

Rannsóknir og greining ehf. leggur rannsóknaráætlun sína árið 2019 til grundvallar í þeim verkefnum sem hér er á komið og samantekt á verkferli fyrirlagnar og vinnsluferli, sbr. fylgiskjal nr. 1.

Rannsóknir sem Rannsóknir og greining ehf. leggur fyrir árið 2019 eru:

1. *Ungt fólk 2019.* Grunnskólanemar í 5. til 7. bekk. Rannsókn á högum og líðan ungs fólks á Íslandi. Rannsóknir og greining ehf. vinnur skýrslu um hagi og líðan með samanburði við landsmeðaltal og höfuðborgina í heild, greint eftir hverfum og niður á skóla. Helstu þættir sem til skoðunar koma eru íþrótt- og tómstundastarf, andleg og líkamleg líðan, tengsl ungmennanna við skólann, tengsl við foreldra og jafningjahópinn, fjárhagsstaða fjölskyldna, heilsa o.fl. Einnig verða skoðaðir aðrir þættir er nýtast við stefnumótun í velferðarmálum og skóla- og frístundamálum borgarinnar, samkvæmt nánara samkomulagi við rannsóknarhópinn, sbr. 4. tölul. 4. gr. þessa samnings.
2. *Krakkarnir í hverfinu.* Grunnskólanemar í 8. til 10. bekk. Rannsóknir og greining ehf. vinnur skýrslu um vímuefnaneyslu og hegðun og líðan í öllum grunnskólum Reykjavíkur (skólaskýrslur) í 8. til 10. bekk og afhenda velferðarsviði. Skólaskýrslur verða afhentar sem trúnaðarmál og meðhöndlalaðar sem slíkar. Unnið verður með þær í náinni samvinnu viðkomandi skóla og þjónustumiðstöðvar. Rannsóknir og greining ehf.

gerir samantekt upplýsinga fyrir foreldrasamfélagið í samvinnu við viðkomandi skóla og þjónustumiðstöð, sé þess óskað.

3. gr.

Hlutverk Rannsókna og greiningar ehf.

Hlutverk Rannsókna og greiningar ehf. er:

1. Að vinna grunnskýrslur úr þeim rannsóknum sem áætlun Rannsókna og greiningar ehf. tekur yfir í grunnskólum Reykjavíkur hjá nemendum í 5. til 7. bekk, og afhenda velferðarsviði eigi síðar en í maí árið 2019. Um er að ræða rannsókn nemenda 5. til 7. bekkja grunnskóla. Skýrslum verður eingöngu skilað á rafrænu formi. Við úrvinnslu skal tekið mið af þeim þáttum sem sérstaklega lúta að Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar og þeim áherslum sem lagðar eru þar.
2. Að meta árangur forvarnarstarfs vegna vímuefnaneyslu ungs fólks í 8. til 10. bekk samkvæmt rannsóknaráætlun. Staða og þróun vímuefnaneyslu verður greind eftir skólum og hverfum í Reykjavík með samanburði við landsmeðaltal og höfuðborgina í heild.
3. Að kynna niðurstöður skýrslna í hverfum borgarinnar samkvæmt samkomulagi við skrifstofu velferðarsviðs og þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.
4. Að veita velferðarsviði ráðgjöf í málefnum er varða eftirfylgni forvarnarstefnu og veita faglega aðstoð eftir megni.
5. Að leita styrkja úr alþjóðlegum rannsóknarsjóðum og leiða til þátttöku í evrópsku rannsóknarsamstarfi með aðild Reykjavíkurborgar án þess að frekari útgjöld komi til.
6. Að bera faglega ábyrgð á öllum rannsóknum og úrvinnslum félagsins.
7. Að skipa fulltrúa í samráðshóp, sbr. 4. tölul. 4. gr.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur hvenær sem er óskað eftir gögnum úr gagnagrunnum Rannsókna og greiningar ehf. í fyrirfram skilgreind verkefni á vegum borgarinnar sem lúta að því að bæta hagi og líðan barna í borginni, að uppfylltum faglegum kröfum um meðferð upplýsinga og gagna. Birtingar upplýsinga eða opinber umfjöllun verða einungis að höfðu samráði og með skriflegu samþykki Rannsókna og greiningar ehf.

4. gr.

Hlutverk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Hlutverk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er:

1. Að skipa fulltrúa velferðarsviðs í samstarfsvertvang, sbr. 4. tl. þessarar greinar.
2. Að beita sér fyrir því á vettvangi ECAD (Europian Cities Against Drugs) að rannsóknir verði lagðar til grundvallar í stefnu og starfsemi samtakanna og leitað verði leiða til þess að afla fjármuna sérstaklega vegna slíks, m.a. úr alþjóðlegum rannsóknarsjóðum.
3. Að vera í samstarfi við Rannsóknir og greiningu ehf. við kynningar á efni rannsóknanna meðal þeirra sem starfa að málefnum ungs fólks í borginni eftir því sem við á.
4. Að skapa vettvang til samstarfs til að koma að athugasemendum og áherslum í rannsóknum sem lagðar verða fyrir, framsetningu á skýrslum o.fl. Hópurinn verður skipaður fulltrúum frá Samráðshópi um forvarnir á vegum velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs og frá Rannsóknum og greiningu ehf. Frumkvæði að fundarboðun er í höndum velferðarsviðs og skal miðað við að hópurinn komi saman a.m.k. tvísvar á árinu og oftar ef þörf krefur.
5. Á árinu 2019 verði áfram unnið að frekari þróun og samstarfi í framtíðinni um afhendingu og úrvinnslu gagna í samræmi við áherslur borgarinnar og stefnu í málefnum barna og ungmenna, Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, Menntastefnu

Reykjavíkurborgar og Heilsueflandi Reykjavík. Ábyrgðaraðili verður skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafaþjónustu á velferðarsviði.

**5. gr.
Tengiliðir**

Tilnefndir eru tengiliðir af beggja hálfu vegna rannsóknarsamstarfsins og skulu þeir bera ábyrgð á samskiptum og upplýsingastreymi milli aðila, halda reglubundna fundi og upplýsa samstarfsfólk á hvorum stað um framgang verkefna. Verði breyting á tengiliðum skal tilkynna það með hæfilegum fyrirvara. Við undirritun þessa samnings eru tengiliðir skipaðir Stefánia Sörheller, f.h. velferðarsviðs, og Jón Sigfússon, f.h. Rannsókna og greiningar ehf.

**6. gr.
Höfundarréttur**

Höfundarréttur að gagnaskrám þeirra rannsókna er samningurinn tekur til tilheyrir Rannsóknum og greiningu ehf., sbr. ákvæði höfundalaga nr. 73/1972. Höfundarréttur að úrvinnslum sem unnar eru fyrir velferðarsvið tilheyrir Rannsóknum og greiningu ehf. og velferðarsviði. Höfundarréttur að sérritum sem rituð kunna að verða fyrir velferðarsvið samkvæmt sérstöku samkomulagi, tilheyra Rannsóknum og greiningu ehf. og velferðarsviði sameiginlega. Skal báðum aðilum í þeim tilvikum heimilt að nota og birta niðurstöður úr umræddum sérritum. Komi til opinberrar umfjöllunar um efni skýrslna eða sérrita sem Rannsóknir og greining ehf. ritar fyrir velferðarsvið skal Rannsókna og greiningu ehf. getið sem höfundar og velferðarsviðs sem aðila verksins.

Úrvinnsla úr nýjum rannsóknum verður tengd eldri niðurstöðum rannsókna sem Rannsóknir og greining ehf. hafa einkarétt á að nota, sbr. ákvæði höfundarlaga nr. 73/1972.

Rannsóknir og greining ehf. mun setja upplýsingar og niðurstöður fram með þeim hætti að þær séu sambærilegar milli ára.

**7. gr.
Afhending gagna**

Rannsóknir og greining ehf. afhendir velferðarsviði Reykjavíkurborgar þau gögn sem samningur þessi kveður á um. Velferðarsviði afhendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar framangreind gögn og er skóla- og frístundasviði heimilt að nýta þau gögn í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Rannsóknir og greining ehf. afhendir gagnaskrá í aðgangsstýrðu SPSS skjali til velferðarsviðs og er gögnunum breytt á læsilegt form fyrir Qlik sense. Gögnin eru sett inn í Qlik sense smáforrit þar sem aðgangnum er stýrt og aðeins umræddur aðili hefur aðgang að gögnunum úr SPSS skjalnu sjálfu. Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs og frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs hafa aðgang að niðurstöðum þeirra skóla sem falla undir þeirra starfsemi. Sviðsstjórar sviðanna og ákveðnir verkefnastjórar innan sviðanna fá aðgang að öllum skýrslunum. Skólastjórar fá aðgang að sínum skólum.

Rannsóknir og greining ehf. skal afhenda velferðarsviði gagnaskrár frá árinu 2014, til að velferðarsvið geti metið árangur forvarna frá því að Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt fyrir árin 2014-2019.

**8. gr.
Trúnaður og meðferð gagna**

Aðilar skulu varðveita þau gögn sem til verða við samning þennan með tryggilegum hætti og þannig að óviðkomandi aðilar fái ekki aðgang að þeim.

**9. gr.
Greiðslur**

Samtals greiðir velferðarsvið Reykjavíkurborgar Rannsókn og greiningu ehf. kr. (upphæð styrks í krónum, rituð bæði með tölustöfum og bókstöfum) yfir samningstímann.

Greiðslur verða greiddar (greiðsludagur eða dagar séu þeir fleiri en einn skal tilgreina hvaða upphæð greiða skuli í hvert skipti eða hvort jafna eigi greiðslurnar niður á fjölda greiðsludaga.)

**10. gr.
Endurnýjun samnings**

Aðilar skulu koma saman tveimur mánuðum áður en samningurinn rennur út og fara yfir hvort markmið samningsins hafi náðst. Hafi hópurinn skv. 3. gr. 5. lið ekki skilað tillögum fyrir árslok 2019 verður möguleiki á að framlengja þennan samning og þá með áherslu á hagi og líðan barna í 8. til 10. bekk auc einstakra þáttu samkvæmt nánara samkomulagi.

**11. gr.
Uppsögn og riftun**

Samningsaðilar geta hvor um sig, hvenær sem er á samningstímanum, sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn samningsins skal vera skrifleg.

Ef um verulegar vanefndir á samningnum er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr, sé það unnt.

**12. gr.
Breyting á samningi**

Ef annar samningsaðila vill gera breytingar á samningi þessum á samningstímanum skal samráð haft við gagnaðila og skulu báðir samningsaðilar samþykkja breytingarnar með skriflegum hætti.

**13. gr.
Framsal**

Aðilum samnings þessa er óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt honum til þriðja aðila.

**14. gr.
Ágreiningur**

Verði ágreiningur um efni samnings þessa á samningstímanum skulu aðilar leitast við að jafna þann ágreining en ella má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

**15. gr.
Gildistími**

Samningur þessi er tímabundinn og gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2019.

Fylgiskjal sem er hluti af samningi þessum:

1. Samantekt á verkferli fyrirlagnar og vinnsluferli, dags. 21. janúar 2019.

Reykjavík, XX. janúar 2019,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

f.h. Rannsókna og greiningar ehf.

Kristjana Gunnarsdóttir,
skrifstofustjóri

Jón Sigfússon,
framkvæmdastjóri